



Klefi

Cell

Klefi

Wendy Erskine

-

Ingunn Snædal þýddi

Wendy Erskine

Klefi

PUBLISHED BY Literature Ireland

36 Fenian Street
Trinity College Dublin, Dublin D02 CH22
Ireland

COMMISSIONING EDITOR Sinéad Mac Aodha

ART DIRECTION AND ARTWORK Gaia Baldassarri
EDITORIAL TEAM Isabel Dwyer and Lynsey Reed

ORIGINAL TITLE *Cell*

COPYRIGHT © Wendy Erskine, 2022

THE ORIGINAL ENGLISH EDITION WAS PUBLISHED BY The Stinging Fly
Press (2022) AS PART OF THE COLLECTION *Dance Move*

© The Stinging Fly Press, 2022

COPYRIGHT FOR THE ICELANDIC TRANSLATION © Ingunn Snædal,

2023

COPYRIGHT FOR THIS EDITION © Literature Ireland, 2023

PRODUCED BY Language
www.language.ie

ISSN 2811-6143



Reykjavík, Ísland

-

Dublin, Ireland

Literature Ireland er kynningarstofa Írlands á írskum bókmenntum erlendis. Við vinnum að því að byggja upp alþjóðlega vitund og virðingu fyrir írskum samtímabókmenntum, fyrst og fremst í þýðingum.

Literature Ireland is the national agency in Ireland for the promotion of Irish literature abroad. We work to build an international awareness and appreciation of contemporary Irish literature, primarily in translation.

Caro biður um brauðbollar og teborla. Henni er hins vegar sagt að brauðbollar fylgi súpunni. En Caro langar ekki í súpu. Hana langar bara í eina brauðbollar og teborla.

Málið er, segir maðurinn, að brauðbollar eignar eiga að fylgja súpunni. Þannig er þetta gert hérna.

Hún andvarpar. Meira að segja staður á borð við þennan verður að beita geðþóttaákvörðunum til merkis um vald sitt.

Jæja, ég fæ þá bara te, segir hún.

En maðurinn færir henni samt brauðbollar, með engu smjöri.

Kaffihúsið heitir Jack's American Diner. Á hverju borði, við hliðina á saltstauk, pipar og rauðri sósu, eru litlir fánar með stjörnum. Matseðillinn er settur upp eins og vængjadyr á krá.

Þegar Caro fer til að borga spyr hún manninn við kassann af hverju allt sé bandarískt þarna inni.

Hvað áttu við?

Af hverju er allt bandarískt? spyr hún og bendir á Sám frænda sem gnæfir yfir þau á veggnum.

Þetta er bara svona, segir maðurinn. Bandarískt. Bandarískur matur. Er ekki næstum allt bandarískt?

Caro veltir þessu fyrir sér. Jú, reyndar, segir hún.

En ég get sagt þér eitt, vinan, ef þú ert ekki hrifin af bandarísku, ef þér finnst bandarískt ekki vera málið fyrir þig, þá er Wong-garðurinn. Wong-garðurinn, þú veist, neðar í götunni, kínverski staðurinn?

Caro hefur engan áhuga á kínverska staðnum. Af öllum hópunum í hverfinu þeirra í London, og þeir voru margir, voru maóistarnir þeir hlægilegustu, dreifandi litlum, ólöglegum bæklingum á markaðnum. Skildu þeir ekki að fólk tók bara við þeim upp á grín? Hún mundi eftir því að Bill hafði límt þá á vegginn svo að allir gætu gert grín að þeim.

Eitt í viðbót, segir maðurinn. Þau ruka þig örugglega fyrir rækjuflögurnar. Þau gefa þér ekki brauðbollu fyrir ekki neitt, vinan.

Tímabilið í húsinu náði yfir næstum fjórðung úr heilli öld og Caro fór yfirleitt í búðina á morgnana. Hún fór að heiman nákvæmlega klukkan hálfnú því að þá gafst nægur tími til að útbúa morgunmat handa öllum. Á hverjum degi keypti hún það sem átti að hafa í hádegis- og kvöldmat, þótt hún keypti líka þá ávexti sem voru í boði á mánudögum. Hluti tengda heimilishaldi náði hún í á föstudögum þegar Luis var stundum í för með henni. Það gat verið fyrirferð í þess háttar varningi. Þau Luis töluðu eiginlega ekkert saman, þau höfðu ekkert að segja hvort við annað. Hann skaust stundum inn í blaðasölu þar sem hann þekkti eigandann. Í eitt skiptið hafði Caro stungið upp á því að kannski væri hagstæðara að fara í stærri verslun bara einu sinni í viku en Bridget sagði: Kemur ekki til greina, ertu að spauga? Ertu að því? Að spauga? Luis tók undir og hristi höfuðið. Þú hlýtur að vera að spauga.

Það var auðvitað margt sem mælti með því að fara í sömu litlu búðina á hverjum degi en í byrjun var það ansi takmarkandi, fáar grænmetistegundir í boði, þótt auðvitað væru líka aðrir hlutir, morgunkorn og hreinsivökvar, skyndinúðlur. Til að byrja

með var það maður með gleraugu sem afgreiddi, eða konan hans. Svo kom nýi eigandinn, sem var enn nýr þegar hann hafði verið þar í yfir tíu ár. Halló, góðan daginn, sagði hann, dásamlegur dagur! hvort sem dagurinn var það eða ekki. Caro gat fyrst drýgt innkaupin með því sem henni tókst að rækta í garðinum en það byggðist á því að hún fengi fræ. Bridget sagði oftast en einu sinni að hún hefði pantað þau en þegar þau bárust aldrei hætti Caro að spyrja um þau.

Í Belfast heldur hún svipuðum venjum á morgnana, nema hvað núna er búðin pólsk og það er engin þörf á að flýta sér til baka því að enginn bíður eftir morgunmatnum nema hún sjálf. Ef hún vildi gæti hún farið á bandaríska veitingastaðinn á hverjum degi lífs síns og fengið sér bandarískan morgunverð. Glugginn í pólsku búðinni er hálfhulinn af spjaldi með nærmyndum af ostum og eplum. Í kringum spjaldið eru límdar auglýsingar fyrir símakort. Fyrir utan eru staflar af plastkössum, uppstilling með kartöflum, rauðrófum og risastóru rôtargrænmeti sem hún kann ekki skil á. Inni í búðinni gengur hún framhjá kjötbordí með skinkum og pylsum og virðir

fyrir sér ótrúlegan fjölda af pakkasúpum. Myndirnar á pökkunum eru afar ólíkar en hún veit af reynslunni að þær bragðast allar eins. Þegar pólska ríkisstjórnin kvað Samstöðuna í kútinn og lýsti yfir herlögum, sýndi sumt fólk, eins og til dæmis Mark Mulgrew, þeim stuðning. Bill hafði næstum lamið hann.

Þú hefur rangt fyrir þér, sagði Bill. Svo kolrangt. Þú munt líta til baka, Mark, og sjá að þú hafðir á röngu að standa.

Í búðinni er alltaf einhver þriggja stúlkna sem allar ganga í þröngum gallabuxum. Sú með rauða hárið gleymir sér alltaf og heilsar Caro á pólsku en hinar tvær segja ekki neitt. Hún gæti eytt fimm mínútum í búðinni, eða tuttugu. Það skiptir í raun engu máli.

Á leiðinni í búðina fer hún framhjá hárgreiðslustofu. Jafnvel þótt Caro sé lengi í búðinni sér hún enn sömu konurnar sitja í sömu sætum þegar hún kemur til baka. Konurnar með álpappírinn brotinn saman í hárinu á sér eru enn að lesa slúðurtímaritin. Caro hefur ekki komið inn á hárgreiðslustofu í marga áratugi vegna þess að hennar eigin aðferð hefur alltaf dugað nógu vel: grípa handfylli af hári hægra megin

og klippa það sem stendur útúr hnefanum og gera svo eins hinum megin. Einu sinni þurfti hún að skipta hnakkanum í tvennt en núna hefur hárið þynnst svo að ein handfylli er nóg. Grípa og klippa. Það verður að viðurkennast að þetta lítur dálítið tæting-slega út fyrstu dagana en með smá roki og rigningu og daglegu lífi er það fljótt að jafna sig. Þessi tækni eyðir bitinu í skærunum, það er óhjákvæmilegt, en ný skæri annað slagið eru svo sem ekkert bruðl. Hún var vön að þurfa að biðja Bridget um ný skæri. Bridget og Luis notuðu rafmagnsklippur á hárið á sér, Caro þurfti að sópa hárinu upp af eldhúsgólfinu. Núna er hún byrjuð að nota salva á varirnar, en bara af því að þær voru farnar að skorpna og springa svo blæddi úr. Salvinn er í læknisskyni fremur en til fegrunar. Hún hefur aldrei verið mikið fyrir að punta sig.

Caro veltir fyrir sér hvort hún muni panta sér pítsu í dag. Þegar bróðir hennar kom með hana til baka útvegaði hann henni síma og sýndi henni hvernig ætti að fletta upp hlutum í honum. Caro leitaði að ýmsu fólki frá því í gamla daga. Hún komst að því að Norman Patterson er núna skólameistari í Liverpool, Sue Gregg er framkvæm-

dastjóri Breska flugmannasambandsins og Jimmy McCann prófessor í félags- og hagfræðisögu í Glasgow. Mark Mulgrew rekur hótél í Frakklandi sem er með helling af fimm stjörnu ummælum. Judith Harkness sér um almannatengsl hjá geðheilbrigðisgóðgerðarstofnun. Einhverja finnur hún ekki og öðrum man hún ekki eftir. Hún veit ekki nákvæmlega hvar Maurice er en efast ekki um að það sé hugsað vel um hann. Bill er löngu farinn. Luis og Bridget aðskilin.

Caro er með tvö forrit í símanum sínum. Annað er leikur sem heitir Stafasúpa þar sem maður fær sex bókstafi í súpuskál, eins og nafnið gefur til kynna, og maður verður að búa til visst mörg orð með því að tengja stafina saman. Þar er líka skeið til að hræra í stöfunum. Það er hægt að kaupa vísbendingar en Caro hefur ekki fyrir því þar sem henni tekst yfirleitt að leysa þetta á endanum. Hún er komin upp á Bragð af Manila-stigið. Næst er Saigon-skýlið. Hún er líka með pítsuapp sem er alveg stórmerkilegt. Hún notar það til að panta pítsu og eftir hálf tíma er pítsan komin. Caro pantar minnstu pítsuna, sem er kölluð „persónuleg pítsa“ en til að fá heimsendingu verður hún að eyða meiri peningum, sem þýðir að hún

neyðist til að þanta sér meðlæti sem hana langar ekki endilega í. Hún gerir sér sérstakt far um að vera elskuleg við sendilinn þegar hann mætir á mótorhjólinu sínu. Þakka þér fyrir. Þakka þér kærlega fyrir.

Caro hefur reynt að halda áfram að lesa. Hún gerir það eins og hún hefur alltaf gert, með blýant og glósubók sér við hlið. Hún er með sinn eigin glósustíl. Hún veit bara ekki hvað það er sem gerir henni svo erfitt fyrir með lestur núorðið, hún hélt að kannski vantaði sig gleraugu en þau sem hún keypti breyttu engu. Hún virðist ekki geta einbeitt sér, svo að skilningurinn varir stutt og hún verður að lesa sömu setningarnar aftur og aftur áður en merkingin verður henni ljós, eða ætti hún frekar að segja merkingarnar, vegna þess að þær virðast margfalдар. Þetta eru samt bækur sem hún hefur margoft lesið áður, sem hún tók með sér frá London. Voloshinov. Nikolai Marr. Það voru eiginlega bara bækur í ferðatöskunni hennar. Það er líka eitt tímarit sem hún les, það heitir *Tökum hlé*. Hún keypti það einu sinni og hafði stórgaman af því svo að núna fær hún það í hverri viku. Sönnu sögurnar eru oft með hreinum ólíkindum. Kona vissi ekki að rómanski elskhuginn hennar átti

ekki einungis vingott við dóttur hennar heldur móður hennar líka.

Belfast er borg en samt ekki borg, ekki í raun og veru. Út um báða gluggana á stofunni sér Caro dökkgrænar hæðir fyrir ofan gráu þökin. Svo mikið rými: það er grasflöt með bekkjum við blokkirnar og meira að segja á milli búðanna liggja auðar, kjarri vaxnar lóðir með plastpoka fasta í greinunum. Markstangirnar á ruðningsvelli skólans teygja sig yfir húspökin. Hér býr Caro núna, í tveggja herbergja íbúð sem bróðir hennar fann, íbúð við hringtorg. Hann sendir henni skilaboð í símann. Allt í lagi? Já, þakka þér kærlega fyrir, svarar hún. Hann er búinn að bjóða henni heim til sín, að verja jólnum með konu sinni og dóttur. Jólnum? Hún hefur ekki haldið upp á jólin í marga áratugi. Dóttir hans hefur nokkrum sinnum komið í heimsókn. Hún er með hring í vörinni, sem virðist alltaf vera bólgin. Í fyrsta skipti sem hún kom var þriðjudagur. Caro man það vegna þess að það er dagurinn sem *Tökum hlé* kemur út og hún var með það í töskunni sinni, alþúin að hefja lesturinn. Stúlkan sagði: Hæ, Caroline frænka, þekkirðu mig? Caro langaði til að lesa tímaritið.

Í London hafði alltaf verið mikilvægt að drífa sig heim úr búðinni því að það var svo mikið að gera. Allt var gert frá grunni, eins og sagt er. Luis var reyndar alveg til í skyn-dinúðlur ef hann hafði lítinn tíma en allt annað krafðist mikils tíma. Hún þurfti að baka brauð á hverjum degi. Allt var þvegið í höndunum. Einu sinni fengu þau þvottavél með þurrkara – já, það var afar spennandi þegar vélin sú birtist. Caro las leiðbeiningarnar vandlega en valmöguleikarnir voru yfirþyrmandi margir, það virtist ekki vera neitt sem vélin gat ekki gert. Caro hefði meira að segja getað tekið niður gluggatjöldin í öllum herbergjunum og þvegið þau. Það var ekki útilokað að gera það í höndunum en það hefði verið erfitt að fá þau þurr. Ótrúlegt að sama vél skyldi geta bæði þvegið og þurrkað.

Það verður að segjast eins og er að Maurice átti ekki mikið af fötum. Ef þau þörfnuðust þvottar varð hún að vefja um hann teppi þar til hann gat farið í þau aftur. Stundum tók það talsverðan tíma. Af hverju að hafa fyrir þessu? sagði Bridget. Þau verða bara drullug aftur eftir nokkra klukkutíma! Hann getur bara verið í þeim.

Luis var með ofnæmi sem þýddi að hann

þurfti að fá ný rúmföt reglulega, Bridget keypti þau einhvers staðar. Þvottavélin með þurrkaranum var skilin eftir fyrir framan húsið og Caro flutti hana inn í eldhús, þokaði henni smám saman niður ganginn. En þau þekktu engan sem kunnir að tengja hana.

Getur þú ekki gert það, Caro? Er þetta ekki þín deild? sagði Bridget. Ert þú ekki búin að lesa leiðbeiningarnar? Jesús Kristur, getur þú ekki reddað þessu?

Caro skoðaði leiðbeiningarnar aftur en þegar kom að því að tengja vélin var einfaldlega mælt með því að tala við pípara. Ef þetta hefði verið í einu af hústökuhúsunum hefði ekki verið neitt mál að ná í pípara því að þar var alltaf hægt að finna fólk sem kunnir til verka en í þetta sinn urðu þau að fá alvöru pípara. Bridget vildi það ekki.

Við myndum ekki vita neitt um hann, sagði hún. Það gæti verið hver sem er. Við getum ekki hætt á það. Útaf þátttöku okkar í hlutunum, skilurðu. Við höfum bjargað okkur fram að þessu án allra þessara véla.

Þess vegna sat vélin bara þarna, ósnortin og ótengd. Eftir smátíma fóru hlutir að safnast fyrir ofan á henni. Tromlan var notuð sem ávaxtageymsla.

Annað slagið áskotnuðust þeim aðrir hlutir. Samlokugrill og ísvél. Um tíma voru Bridget og Luise mjög hrifin af ís. Hann kom líka í veg fyrir beinþynningu. Caro hélt að kannski væri ís eitthvað sem Maurice gæti borðað, af því að það var auðvelt að kyngja honum, en hann virtist ekki hrifinn. Ísinn bráðnaði niður í herberginu hans. Í nokkrar vikur var Caro sú sem keypti mestallan rjómann í búðinni. Á endanum fór nýjabrumið af ísnum og ísvélin sat aðgerðarlaus við ísskápinn. Svo kom Ramoska-vélin, lítil eldavél einhvers staðar úr Austur-Evrópu. Caro var hrifin af einfaldri nytsemi Ramoskunnar. Hún var enn í notkun þegar allt hrundi. Hitablásararnir gerðu líka gæfumuninn, þeim var tekið tveimur höndum. Miðstöðvarhitunin í húsinu virkaði nánast aldrei, þegar kveikt var á henni heyrðust endurteknir smellir og surg en ekkert gerðist annað en að neðri hluti ofnanna volgnaði örlítið.

Það þarf að hleypa loftinu af þeim! hafði Bridget sagt og litið á Caro. Það er ekkert að þeim, maður þarf ekki að gera neitt nema það.

En Caro kunni ekki að hleypa lofti af ofnum.

Maður þarf einhvers konar lykil, sagði Bridget, eins og allt kæmi af sjálfu sér ef þau hefðu hann. Caro óskaði þess að hún kynni að gera þetta en hún gerði það ekki. Vissi Luis hvernig ætti að gera það?

Luis er málari og veggfóðrari, sagði Bridget.

Já, sagði Luis. Málari og veggfóðrari.

Svo komu hitablásararnir. Það var ótrúlegt hvað það munaði mikið um þá, alltumlykjandi hitinn kom öllum í betra skap. Hún mundi að þegar þeir komu sátu þau við eldhúsborðið yfir tei og ristudu brauði. Hún hafði fært Maurice matinn upp, skorið brauðið í ræmur og lagt það í kross á diskinn. Hitablásararnir áttu hins vegar aðeins að vera á neðri hæðinni. Það var svakaleg eldhætta að vera með svoleiðis inni í svefnherbergjum. Bridget var sannfærð um það.

*

Þú vannst ekkert, var það? spurði ein manneskjan meðan á rannsókninni stóð. Þú vannst ekki, var það? Hver þeirra spurði að því, þar sem hún sat í yfirheyrsluherberginu: mjói maðurinn sem skaut á hana

spurningum hljómlausri röddu, svarta konan sem strauk stöðugt krossmarkið um hálsinn á sér, ungi maðurinn með hvellu röddina, hása ljóshærða konan, sá sem hélt að hann væri grínisti, reiði maðurinn? Þau báru möppur og glósubækur og upptökutæki. En sú spurning! Hún var sívinnandi! Ekki fangi, segirðu, en hvenær fórstu þá út af heimilinu? Hvenær fór Maurice út af heimilinu, fyrir þetta kvöld? Hvenær fór hann síðast eitthvað út? Allavega, skilgreining þessara spyrjenda á vinnuhugtakinu var fyrirsjáanlega mjög þröng, áhugi þeirra var bundinn við stofnanalega merkingu. Útskrifaðist með láði, stendur hér, útskrifaðist þú með hæstu einkunn? Það stendur hér að þú hafir stundað framhaldsmenntun í tvö ár og svo unnið, hvar var það aftur, á bókasafni? Já, það stendur hérna á bókasafni. Og svo – var það allt og sumt, endapunkturinn hvað vinnu þína varðaði?

Þegar bókasafninu var lokað hafði hún reyndar fengið aðra vinnu – sem aðstoðarkona við rannsóknir, þótt það entist ekki lengi. Hún mundi eftir viðtalinu og hvernig konurnar þrjár í ráðningarnefndinni kinkuðu kolli á meðan hún talaði. Hún hafði ekki

heyrð sjálfa sig tala svona mikið lengi. Þegar bréfið um ráðningu hennar barst sagðist Bridget ekki vera alveg viss um þessi samtök.

Ég hef aldrei heyrt á þau minnst. Ég hef spurð fyrir og enginn veit neitt um þau. Þú verður að vera hundrað prósent viss um fólk þú ætlar að vinna fyrir, skilurðu hvað ég á við, Caro? Hundrað prósent.

Caro hafði reyndar ekki heyrt neitt um þessi samtök heldur en hún ímyndaði sér að þau samræmdust skoðunum þeirra ágætlega. Bridget spurði hver launin væru?

Úff, sagði hún. Þú getur lifað eins og greifi. Þú ert andskotans uppatussa.

En launin voru reyndar alls ekki há. Caro velti fyrir sér hvort hún hefði gert mistök fyrsta daginn þegar allir voru að kynna sig, hún var vön því að vera ein á bókasafninu að flokka og skrásetja en hér spurðu allir spurninga í gríð og erg. Caro hafði ekki búist við því að starfsfólk á góðgerðarstofnun til hjálpar fátækum börnum væri alveg svona glaðvært, kannski var rétt hjá Bridget að efast. Í lok vikunnar varð Caro að fara með vinnufélögunum á krána eftir vinnu. Fólk sat í hring og talaði um hjúskaparvandræði sín og kynlíf og börn og hvað það ætlaði að gera um helgina. Einn

ætlaði í fallhlífarstökk. Kona sem hafði nýverið misst móður sína sagði að hún og kærastinn hennar væru að reyna að tæma hús móðurinnar en hún væri sígrátandi yfir öllu dótinu. Þetta var bara andskotans krús! sagði konan. Bara andskotans gula krúsin hennar og ég gjörsamlega missti það! Gat ekki hamið mig! Caro horfði á aðra konu faðma þá sorgmæddu. Það sem þú þarft á að halda, sagði konan, er að fá þér aftur í glasið. Og svo aftur. Caro sagði ekki orð. Hún hafði ekki haft samband við sína eigin móður í mörg ár. Ferðirnar heim höfðu smám saman fjarað út. Hún hafði ekki einu sinni haft fyrir því að opna bréfin sem bærust annað slagið, póstlögð í Belfast. Þau myndu ekki vita hvar hún átti heima núna. Líklega hafði hún á vissan hátt afneitað þeim.

Þegar hún kom heim um kvöldið og Bridget heyrði hvert hún hafði farið sagði hún: Ó, en þú félagsslynd. Fékkstu þér martíni? Ó, Caro, þetta er hin nýja þú. Sagðir þú þeim að pabbi þinn væri helvítis dómari? Þau voru örugglega hrifin af því!

Þegar Caro kom heim á mánudeginum var hvolpur í forstofunni, nýbúinn að skíta ógurlega á gólfið. Ég gat ekki staðist hann,

sagði Bridget. Hann heitir Patrick. Ég þarf að skreppa út. Luis kemur ekki fyrr en seint.

Luis var líka á móti nýja starfinu hennar.

Þessi matur, sagði hann, hann bragðast ekki rétt. Mér finnst maturinn vondur. Hann ýtti diskinum frá sér. Það var rétt að hún hafði brennt baunaréttinn sem hún var að búa til, aldrei þessu vant, og það var óþægilegt fyrir hin að þurfa að sjá um innkaupin. Á bókasafninu hafði vinnudagurinn ekki byrjað svona snemma, en núna þurfti hún að fara að heiman klukkan sjö til að mæta á réttum tíma. Svo var það Maurice: Bridget og Luise sögðu að þau hefðu engan tíma til að sinna honum yfir daginn. Luis fékk aðeins annað slagið eitthvað að gera við að mála eða veggfóðra, þannig gerðust hlutirnir í þeim bransa, en það þýddi ekki að hann gæti skuldbundið sig til að líta eftir Maurice.

Við treystum virkilega á þig, Caro, til að styðja það sem við erum að gera, sagði Bridget. Þess vegna hætti Caro í vinnunni eftir tæpar fjórar vikur. Vinnufélagarnir vildu fara út og fá sér kveðjudrykk en hún sagði nei, hún kæmist ekki, henni þætti það mjög leitt. Hún fékk kort sem nok-

krir á skrifstofunni höfðu skrifað í. Gangi þér allt í haginn! Bestu óskir! Sú sem kom næstbest út í starfsviðtalinu átti að byrja eftir helgi. Bridget ákvað að í raun og veru væri of erfitt fyrir þau að sjá um Patrick, auk þess sem hún efaðist um að hann væri nógu skapgóður, og hundurinn var sendur til einhverra sem Luis þekkti.

Í gamla daga, þegar Caro var enn í skóla, var subbulegt hótél sem sérhæfði sig í að halda skemmtanir fyrir ungt fólk undir lögaldri. Undir rykugri diskókúlu dönsuðu synir og dætur næstum hvers einasta læknis og lögfræðings í þeim hluta borgarinnar. Caro fór þangað einu sinni en naut sín ekki. Það var ótrúlegt að sjá hvernig annað fólk gat hreyft sig svo lipurlega, hvernig það skynjaði takt sem hún heyrði ekki. Fötin hennar voru ekki nógu þröng og alltof efnismikil. Sætin í myrkvuðum danssalnum voru sveigð og klædd mjúku velúr, Caro fann sér sæti aftarlega, við hliðina á miðstöðvarofni. Hún strauk upp og niður eftir heitum ofninum en þegar vangadansinn byrjaði fór hún á salernið.

Það þurfti ekki mikið til að teljast aðlaðan-

di; sveigðar mjaðmir eða brjóst, tíguleg kinnbein. Caro vissi að hún leit út eins og héri. Hún var beinaber í andliti, með útstæð augu. Hinar stúlkurnar sem dönsuðu á diskótekinu, þessar sem áttu að heita finnar, voru í raun og veru sáttar við að fara í háskóla í heimabænum, borða kvöldmat með fjölskyldu sinni á hverju kvöldi og sofa í sömu rúmum og þegar þær voru börn, fullum af böngsum. Ertu viss? var sagt við Caro í skólanum þegar hún lét í ljósi þá fyrirætlun sína að fara í UCL og læra málvísindi. Já, þakka þér fyrir. Handviss. Þakka þér kærlega.

Fyrsta önnin olli hræðilegum vonbrigðum en henni fannst ekki rétt að gefa í skyn að skólinn ætti sök á því þegar það var auðvitað henni að kenna og því sem hana skortti. Námið var nógu áhugavert en borgin, sem hún hafði aðeins séð í sjónvarpi og kvikmyndum, var enn utan seilingar. Þegar Caro hlustaði á samræður annarra varð hún alltaf jafnhissa á því hve lágkúrulegar þær voru en samt datt henni sjálfri aldrei neitt í hug að segja. Hún fjárfesti í nýjum fötum, svartri peysu og stuttu, svörtu pilsu, vegna þess að hún hafði séð einhverja stúlkuna klæða sig þannig og fundist það smart.

Svarti liturinn gerði hana enn fölari svo að hún fór að ganga með skærrauðan varalit. Það var niðurlægjandi að finna til heimþrár til staðar sem hún hafði aldrei kunnað við, hugsa með hlýju um diskótekið og vegavinna sem hún fór framhá á hverjum degi á leiðinni í skólann, plastborðann sem blakti í vindinum.

Vinir voru að halda partí, hafði einhver í hópnum fyrir utan fyrirlestrarsalinn sagt. Bara partí í heimahúsi en allir voru velkomnir. Hann sagði heimilisfangið. Ef það kom einhverjum á óvart að sjá Caro mæta í svörtu peysunni og pilsinu og með rauða varalitinn hafði viðkomandi ekki orð á því. Hún varð mjög drukkin mjög fljótt af gruggugri blöndu úr brauðskál sem ausið var upp í glös með plastausu. Þarna voru lampar sem búið var að breiða trefla yfir, strípaðar dýnur til að sitja á. Caro sökk ofan í eina þeirra og velti fyrir sér hvort hún gæti nokkurn tíma staðið upp aftur. Óskilgreind hljóð flæddu yfir hana, hún litaðist um eftir kunnuglegu andliti en svo fann hún hönd á fótleggnum á sér, útglennta fingur, og í kjölfarið munnfylli af volgri tungu. Hugur Caro var alveg skýr, vegna þess ofurmannlega átaks sem hún varð

að beita sig til að æla ekki, hún hugsaði, jæja þá, þetta er partí, þetta ert þú, þetta ert þú í partíi, að vera ung manneskja og gera það sem ungar manneskjur gera. Svo var hönd farin að hnoða á henni vinstra brjóstið. Höndin hætti skyndilega þegar einhver annar settist niður.

Þegar Caro kom heim um jólin var barið á herbergisdyrnar hjá henni eitt kvöldið, það var mamma hennar. Veistu, sagði mamma hennar, ef þér finnst þetta erfitt geturðu komið heim aftur. Það myndi engum finnast neitt að því.

Caro hélt áfram að vinna við skrifborðið sitt. Ég veit ekki um hvað þú ert að tala, sagði hún.

Ja, ef þú ert viss, sagði mamma hennar og lokaði dyrunum aftur.

Á næstu önn mætti Caro á fyrirlestur hjá nemendafélaginu eftir að ungur maður hafði rétt henni auglýsingu úti á götu. Af hverju ekki? hafði hún hugsað. Lítil hópur sem samanstóð mestmegnis af framhaldsnemum beið þolinmóður í salnum í háltíma áður en einhver kom og sagði að fyrirlestrinum hefði verið aflýst. Ungi maðurinn sem hafði rétt henni auglýsingu var þarna. Hann baðst afsökunar. Hann

þekkti fyrirlesarann, sagði hann, og hélt að hann hlyti að hafa haft mjög góða ástæðu til að mæta ekki. Ungi maðurinn ætlaði að hitta nokkra vini sína síðar um kvöldið – vildi hún koma líka? Henni gætu fundist vinirnir áhugaverðir fyrst hún hafði verið tilbúin að hlusta á fyrirlesarann. Þau Caro gengu í að því er virtist einn og hálfan tíma þar til þau komu að húsi og fóru inn í íbúð á annarri hæð. Ungi maðurinn sagðist heita Bill. Inni í stofunni sátu fimmtán, tuttugu manns þétt saman, nakin ljósapera lýsti upp reykmettað loftið. Bill! hrópaði einhver. Hlustaðu á þetta! Þú trúir þessu ekki!

Og hver ert þú? spurði ein konan.

Sue, þetta er vinkona mín, sagði Bill. Þetta er Caroline.

Sue sagði ekkert en tók í höndina á henni.

Car – o – line, sagði konan við hlið Sue. Caro. Hvað getur þú gert, Caro?

Ég veit það ekki, sagði hún.

Og þetta er Bridget, sagði Bill um konuna við hlið Sue.

Maurice hafði líka verið þarna, hunangslitt hárið þegar tekið að þynnast. Hann fitlaði við trosnaða peysuermina sína, hann var alltaf að gera eitthvað svoleiðis, kroppa

í eitthvað, þurra húð, lausa spotta. Það var alltaf sama sagan hjá Maurice. Hann var of taugaóstyrkur til að tala þótt hann væri ósammála, hallaði undir flatt og starði upp í loftið og svo seinna, þegar samræðurnar voru farnar að snúast um allt annað, hóf hann kyrrlátlega mál sitt og útskýrði hvað hefði verið rangt við undanfarandi greiningu. Þá var það hins vegar orðið of seint og öllum fannst hann einfaldlega pirrandi. Þannig var Maurice, hann hefði átt að segja eitthvað fyrr.

Bridget var ekki orðin feit þá, þótt hún yrði það síðar. Hún mátti alveg vera feit, ef hún vildi það. Fituklessa, var hún kölluð í blaðinu. Spikhlunkurinn ógurlegi. Það var bara vegna þess að Maurice var svo horaður í samanburði við hana. Heilaþvegna hámenntakonan frá Belfast. Sú sem slapp úr fangelsinu. Þau birtu mynd af Bridget í hjólastól. Þannig mætti hún í réttarsalinn, í kjól með felldu pilsu sem breiddi úr sér yfir stólinn. Á myndinni hélt hún á finni handtösku. Bridget með handtösku! Dagblaðið lá á borði á farfuglaheimilinu. Þau sem bjuggu þar kærðu sig kollótt, þau höfðu nóg með sitt.

Caro byrjaði að fara í heimsókn í íbúðina

í hverri viku. Þar voru fyrirlestrar, mótmæli, blöð, samþykktir, umræður, rökræður og stundum mikil reiði. En þar mátti líka finna bjartsýni og þörf. Caro hlustaði á áætlanir Bills og hinna, hún heyrði Mark Mulgrew vísa á bug nýliða sem vildi fá óþarflega nákvæmar upplýsingar. Ég get ekki dagsett byltinguna! sagði hann. Allir þekktu Caro með nafni, þau vissu að hún hefði lesið sér til og gjörþekkti málstaðinn. Kannski varð henni enn dálítið órótt þegar umræðurnar beindust að spurningunni um Írland, hún sá fyrir sér fínu götuna sína með trjánnum, reisulegt æskuheimilið. Þetta lá þó alveg ljóst fyrir: aðgreining fólksins var afleiðing falskrar vitundar sem aftur var afleiðing heimsvaldastefnu.

Námið í háskólanum sat á hakanum. Á heimavistinni hennar, Ramsey Halls, var haldin afmælisveisla fyrir erlendan nema. Það var spjallað um upptökupróf og hvert ætti að fara í sumarfríinu, hvað svampbotninn í afmælisökunni væri léttur, hver af læknanemunum væri sætastur. Þú segir ekki margt, Caroline, sagði einhver. Ég hef ekki svo margt að segja, sagði hún. Ja, hún hafði ekki margt til málanna að leggja um kökur.

Við götuna er búð sem selur klæði og allt til sauma, þetta er einn af uppáhaldsstöðum Caro. Æpandi, skærlitum og glæsilegum ströngum af efni er staflað á alla vegu. Litirnir eru svo spennandi. Tvinnakeflum er raðað í litaröð, svo mörg litbrigði að breytingin úr rauðu í appelsínugult, appelsínugulu í gult, er ógreinanleg. Caro finnst gaman að horfa á litina, renna fingrunum yfir keflin og aftur til baka. Í fyrsta skipti sem hún gerði það spurði afgreiðslumaðurinn hvort hana vantaði eitthvað.

Ó, nei, alls ekki, þakka þér fyrir, sagði hún. Það er bara svo gaman að horfa á tvinnann. Á litina.

Jæja, já, ég skal nú segja þér, þú hefðir átt að sjá hvernig þessi staður leit út einu sinni, sagði maðurinn. Hann er ekki svipur hjá sjón lengur.

Caro leit í kringum sig. Það er erfitt að ímynda sér það, sagði hún.

Jæja. Já. Þetta er ekkert miðað við það sem við vorum með einu sinni. Við vorum með Harris-tvídefni, við áttum Liberty-áprentað efni, Moygashel-lín, þungt silki, satín, mjög gott flauel. Ó, já. Búðin var að springa utan af því. Eiginlega of

mikið. Það er varla ein einasta klæðisverksmiðja eftir í öllu Bretlandi núna, bresk framleiðsla á undanhaldi, það sem við erum með hérna, þessir strangar, þetta eru afgangar. Virðist mikið hérna inni en þetta eru bara verksmiðjuafgangar. Það eru engar almennilegar verksmiðjur lengur. Ég held að okkur vanti fleiri frumkvöðla í þessu landi.

Carol horfði á stranga af skærbleiku tjulli.

Ég held að okkur vanti meiri breska framleiðslu og fleiri frumkvöðla í þessu landi, sagði hann. Ætlar þú að kaupa eitthvað, ljúfan?

Hún valdi kefli af handahófi, djúpbláan tvinnu, tilkomulítinn þegar hann var slitinn úr samhenginu.

Íbúðin við Railton-veg hafði verið fínasti íverustaður þrátt fyrir að þar væri engin miðstöðvarhitun og ekkert vatn á löngum köflum. Fyrir ofan þau var prentsmiðja sem prentaði alls konar bæklinga, maður heyrði vélarnar ganga dag og nótt, og á jarðhæðinni var kaffihús rekið af sjálfboðaliðum. Alltaf fólk á ferðinni. Allir vissu betur en að

spyrja of margs. Einn maður var með Belfast-hreim og þegar hann heyrði Caro tala spurði hann hvaðan hún væri. Belfast, eins og þú, sagði hún. Hvaðan í Belfast? sagði hann. Hvaðan? Svo var flóttastelpa frá Glasgow, í gallastuttbuxum, sem einhver leyfði að gista í nokkrar nætur. Hún talaði við Caro seint um kvöldið þegar hin voru farin í rúmið og lakkaði á sér neglurnar um leið. Þið eruð alveg í ruglinu, sagði hún. Er það virkilega? sagði Caro. Já, virkilega, sagði hún. Ég kann ekki við stóru býflugnadrottninguna ykkar. Og smeðjulegi litli kærastinn hennar má fara til helvítis fyrir mér. Bridget og Luis eru mikils metnir félagar okkar, sagði Caro. Stúlkan yppti öxlum og hélt áfram að lakka neglurnar.

Ástin var einfaldlega skipulögð, einkvæni leið til að hafa stjórn á aðstæðum. Luis og Bridget voru gift, var sagt, en það virtist aðeins vera til að tryggja Luis húsnæði. Bill og Maurice, það var allt annað mál. Caro þekkti konu sem bjó á heimili með sex mæðrum og fjórtán börnum sem hvert um sig var ekki háðari neinni einni móður en annarri. Börnin áttu engin föt eða leikföng útaf fyrir sig, allt var í sameiginlegum graut.

Þessi fyrstu ár bjuggu þau á svo mörgum

stöðum, alls konar samsetningar karla og kvenna, hópar mynduðust, splundruðust og endursköpuðust. Sumir hölluðust að óhefðbundinni hugmyndafræði. John Leahy-Simpson tók sér frí frá læknanáminu, fór til Kenía og gerðist kristinn. Norman Patterson varð alveg vitlaus í konu með svart, sítt hár sem var ein af áhangendum Aleisters Crowley og flutti inn til þeirra. Enn annar gekk til liðs við frumöskrarana. Caro mundi eftir því þegar frumöskrararnir létu sig hverfa til Sligo, eða var það Donegal? Einhvers staðar út á hjara veraldar, allavega, þar sem þeir gátu öskrað án þess að trufla nokkurn.

Caro fór heim til Belfast í tvær vikur fyrsta sumarið. Hún hafði séð fyrir sér langar og hatrammar deilur yfir matarborðinu en allir í húsinu höfðu sínum eigin hnöppum að hneppa. Móðir hennar var í endalausum kaffi- og hádegisboðum með vinum sínum, milli þess sem hún sinnti alls konar íþróttum. Pabbi hennar fór að heiman snemma á morgnana og kom seint heim á kvöldin. Þrettán ára gamall bróðir hennar varði mestum tíma sínum í að sparka bolta

upp við húsvegginn. Hún reyndi að tala við hann um málefni samtímans. Einmitt, ég skil, sagði hann. En skilurðu þetta í alvöru? spurði Caro. Eiginlega ekki, sagði hann.

Mamma hennar lék golf á morgnana og tennis síðdegis. Viltu koma með mér, Caroline? Þú varst góð í tennis, sagði hún.

Af hverju býðurðu honum ekki? spurði Caro og benti á bróður sinn.

Hann þarf að æfa sig meira.

Pabbi hennar spurði hvar hún ætlaði að búa þegar hún byrjaði aftur í skólanum á næstu önn.

Ég ætla að búa, sagði Caro, í hústökuhúsi í Brixton.

Ja, það ætti að minnsta kosti að spara mér peninga. Röddin tók á sig þurran og fagmennskulegan blæ. Það eru samt takmörk, Caroline. Fyrir því hvernig þú getur hagað þér. Þú hlýtur að skilja það.

Bróðir hennar sagðist til í að fara í tívólíð í King's Hall. Það voru aðeins tveir dagar þar til því yrði lokað. Ertu viss um að þú viljir fara með mér? spurði Caro. Viltu ekki frekar fara með vinum þínum? Þau fóru snemma morguns, allt var tómt, engar biðraðir, hávær og skerandi tónlistin bergmálaði á milli veggjanna. Þau slepptu

draugalestinni. Flúrlýstir draugarnir virtust þreytulegir og nornin við innganginn ekki mjög skelfileg. Áttu nokkurt klink, Caroline? spurði hann. Ég væri til í að prófa þetta þarna. Þau fóru að skotbakkanum, sem var málaður í felulitum og á kantinum voru myndir sem virtust vera af reiðilegum hermönnum Víetkong. Bróðir hennar miðaði og hitti eina viðartunnu af fimm.

Þau fóru á kaffihúsið og deildu einum skammti af frönskum.

Hvenær ferðu aftur? spurði hann.

Eftir nokkra daga.

Ókei, sagði hann. Ég hélt bara að þú myndir stoppa lengur.

Nei, ég þarf að fara til baka.

Til hvers?

Bara.

Kannski get ég komið og heimsótt þig, sagði hann.

Caro yppti öxlum. Kannski.

Hún hlakkaði til að fara aftur.

Hvað ætlar þú að gera það sem eftir er af sumrinu? spurði hún.

Veit ekki. Ekkert sérstakt.

Hann saup á kókinu sínu.

Heldurðu að það verði kjarnorkustríð bráðum?

Ég vona ekki.

Já, ég líka.

Hann saup aftur á drykknum.

Þannig að þú og vinir þínir eruð eiginlega að reyna að breyta öllum heiminum? spurði hann.

Ekki þannig, sagði Caro. Eða, jú kannski.

Gætuð þið byrjað á að sprengja upp skólann minn?

Caro hló. Finnst þér semsagt ekki gaman í skólanum?

Nei, sagði hann. Ég þoli hann ekki. Þoli ekkert við hann. Kennarana. Hina krakka-na. Hata þetta allt saman.

Kannski lagast það.

Já, sagði hann. Æi, það skiptir ekki máli.

Í strætisvagninum á leiðinni heim sátu þau andspænis auðum sætum og bróðir hennar lagði fæturna upp á sessuna. Annar farþegi sagði: Ertu til í að taka fæturna niður úr sætinu, gæskur?

Bróðir hennar sagði afsakið og tók fæturna niður. Afsakið, endurtók hann þegar fæturnir voru komnir niður á gólfið í vagninum.

Af hverju kemur þér þetta við? spurði Caro manninn.

Þetta eru reglurnar. Maður á ekki að setja fæturna upp í sætin.

Vinnur þú fyrir strætisvagnafyrirtækið?

Nei, en svona eru reglurnar.

Reglur, reglur, reglur, sagði Caro við bróður sinn. Fasisti.

Hvað sagðirðu? sagði maðurinn.

Ekkert.

Trúirðu þessu? sagði bróðir hennar þegar þau komu út úr vagninum. Þvílíkur fasisti.

Bærinn var byrjaður að rífa byggingar og allt umhverfið á Railton-vegi virtist orðið ótryggt þegar húsið í Norður-London kom allt í einu inn í myndina. Kjarninn átti að samanstanda af Maurice, Bill, Bridget, Luis og Caro. Húsið var gjörólíkt fyrri bústöðum. Það var með setustofu og eldstæði og stóru eldhúsi og minnti á leikmynd úr gamaldags leikriti. Þrjú svefnherbergi og baðherbergi í fullkomnu lagi. Enginn lás á baðherbergisdyrunum. Enginn lás á dyrunum hjá Maurice heldur. Luis og Bridget tóku stærsta svefnherbergið og þótt Caro hefði alveg viljað taka það minnsta sagði Bill að þeir Maurice gætu verið þar.

En Bill, dásamlegi Bill, lenti í slysi nokkrum mánuðum eftir að þau fluttu öll

inn, varð fyrir strætisvagni þegar hann var að hjóla heim. Þegar Caro kom heim frá bókasafninu sátu Luis og Bridget þegjandi í eldhúsinu og Maurice var uppi.

Þetta gekk eiginlega ekki án Bills.

Þau fóru þangað sem Bill hafði alist upp, um það bil tíu talsins. Þau sáu yngri bræður hans tvo í óþægilegum fötum og móður hans og föður, náfól í framan. Móðirin talaði ekki við neinn fyrir utan kirkjuna. Caro og Sue Gregg tóku í hönd föðurins en Maurice stóð einn við hliðið. Ekkert þeirra fór inn í kirkjuna að hlusta á prestinn en þegar athöfnin færðist yfir í kirkjugarðinn slógust þau í för með þeim sem fylgdu kistunni. Svo tók Jimmy McCann kassettutæki upp úr plastpokanum sem hann var með, ýtti á Play og Internasjónalinn hljómaði um kirkjugarðinn, yfirgnæfði prestinn og hvað svo sem hann var að segja. Einn af ættingjunum kom til Jimmys þegar þau voru að fara. Ég vona að þið skitseiðin séuð ánægð með ykkur, sagði hann. Ó, já, sagði Jimmy. Við erum það.

Dyrnar á íbúð Caro í Belfast eru úr hvítu plastefni sem er svo sem þokkalegt en það

er ekki erfitt fyrir fólk að gægjast inn um hamrað glerið ef það leggur andlitið þétt upp að því. Frænkan gerði það þegar hún kom í annað sinn. Caro hefði frekar viljað hafa eitthvað gegnheilt, óárennilegt, svartmálað. Frænkan hringdi bjöllumni, Caro lét sem hún heyrði það ekki, en hún stóð fyrir utan og beið eftir að sjá hreyfingu. Caro laumaðist eftir ganginum í átt að baðherberginu og þá heyrðist Hæ! Caroline frænka!

Fyrirgefðu, sagði Caroline þegar hún opnaði dyrnar, ég var sofandi.

Hún velti fyrir sér hvort hún ætti að kampa svartan pappír og líma yfir glerið.

Jæja, sagði frænkan, ég var sko að rífast alveg rosalega við pabba. Þú trúir ekki hvað það var svakalegt. Við vorum alveg brjáluð. Og ég meina brjáluð.

Caro hellti upp á te á meðan frænkan endursagði rifrildið á milli sín, móður sinnar og föður. Og svo sagði hún og svo sagði hann og svo sagði ég og svo sögðu þau og svo sagði ég – Hvað finnst þér um það? Þetta hljómaði óbærilega þreytandi. Það sem byrjaði sem rifrildi um hver myndi skutla stúlkunni heim til vinkonu sinnar virtist hafa farið gjörsamlega úr böndunum. Þau hötuðu allt í fari hennar,

foreldrarnir, sérstaklega þetta. Sérstaklega hvað? Frænkan togaði upp ermina. Þetta, sagði hún. Þarna var örsmátt húðflúr, nóta. Þetta var reyndar ólöglegt, veistu, sagði frænkan, vegna þess að ég er ekki orðin átján. En húðflúrgaurinn hélt að ég væri eldri svo að það var fínt.

Ja, ég er viss um að þið finnið út úr þessu, sagði Caro. Ekkert af þessu virðist óyfistíganlegt.

Kanski ekki.

Já, sagði Caro. Svona lagað, þetta líður örugglega hjá. Allt verður eðlilegt aftur.

Eðlilegt, sagði frænkan. Hver vill vera eðlilegur?

Frænkan spurði um London. Hvað var hún lengi þar? Af hverju kom hún aftur? Hvernig var að búa í London? Frænkan hafði farið í skólaferðalag til London, hún taldi upp alla staðina sem hún hafði heimsótt og byrjaði alltaf aftur á listanum þegar hún bætti nýjum stað við. Einhverjar af stúlkunum höfðu verið reknar heim af því að þær voru að drekka á hótelinu og buðu ókunnugum strákuðum með sér upp á herbergi. Hún hafði samt ekki tekið þátt í því.

Ég myndi bjóða þér að vera í mat, sagði

Caro, en ég á ekkert að borða.

Ég kem einhvern tíma seinna, sagði frænkan.

Endilega, segir Caro.

Hún horfir á stúlkuna fara yfir götuna og veltir fyrir sér hve gömul hún sé. Fimmtán, sextán?

Caro hefur ekki mikinn áhuga á eldamennsku, brauðhleifur endist henni í viku. Þegar hún bjó á Railton-vegi varð hún frekar flink í að elda fyrir marga. (Þótt þau væru aðeins örfá í húsinu voru Bridget og Luis mjög nákvæm í kröfum sínum). Það er félagsmiðstöð í fimm mínútna göngufjarlægð frá íbúð Caro. Hún hafði ótal sinnum gengið framhjá henni þegar hún tók þá fífldjörfu ákvörðun að fara inn. Hún er enn hissa á því að hafa gert það. Fyrir innan var völundarhús af alls konar fundarherbergjum en aðalvirknin virtist vera í kringum íþróttir, þar á meðal fótbolta sem leikinn var innan dyra og utan. Caro kom inn í stórt eldhús með tækjum úr iðnaðarstáli, þar angaði allt af brenndu brauði og hreinsilegi.

Get ég aðstoðað þig? spurði kona. Ertu að leita að einhverjum?

Nei, ég var bara að hugsa, en flott eld-

hús. Ég bjó á farfuglaheimili um tíma og eldhúsið þar var svipað þessu. Kannski ekki alveg jafn stórt.

Konan, sem var með flautu um hálsinn, starði á hana.

Ég var eiginlega að velta fyrir mér, ja, að ég gæti kannski tekið þátt hérna.

Tekið þátt í hverju, vinan?

Í því sem þið eruð að gera.

Við erum með fótboltamót barna síðar í vikunni ef þú hefur einhverja dómara-reynslu.

Ja, ég er hrædd um að ég hafi enga nothæfa reynslu á því sviði.

Ég var að grínast, vinan, sagði konan. Þetta er allt í góðu.

Allir voru hrifnir af Bill en Maurice var sá eini sem elskaði hann. Eftir dauða Bills varði Maurice mestum tíma sínum inni í herbergi. Þau sem yfirheyrðu hana spurðu: Allan tímann eftir að náunginn dó, tókstu aldrei eftir að hann væri að veikjast, sástu ekki að honum fór aftur? Láttu ekki svona, láttu ekki svona, Caroline. Í alvöru? Tókstu aldrei eftir hve fársjúkur hann var? Og þú fórst inn í herbergið hans en aldrei inn í her-

bergi Bridgetar og Luis? Í alvöru? Hvernig má það vera? Maðurinn með hljómlausu röddina spurði þessara spurninga. Allan þennan tíma, hvernig má það vera? Það hafði alltaf verið á hreinu að hún mátti ekki fara inn í herbergið hjá Bridget og Luis, hún velti því ekkert fyrir sér, hafði enga ástæðu til þess. Caro heyrði þau stundum hlæja og stundum, ef þau höfðu rifist, köstuðu þau hlutum. Já, hún vissi að þau voru með sjónvarp, það var ekki leyndarmál, hún heyrði stundum í því. Þau þurftu að vera með sjónvarp til að geta fylgst með hlutum. Konan með krossinn hafði spurt hvort hún héldi að Luis hefði beitt Bridget ofbeldi. Svo margar konur voru viðkvæmar. Það var svo oft ráðskast með konur, hafði konan með krossinn sagt. Hún hafði séð það ótal sinnum, sagði hún. Luis? Beita Bridget ofbeldi? Það var útilokað. Ekki spyrja svona heimskulega. En hvað um þig, Caroline? spurði konan. Hvað um þig? Varðst þú fyrir kynferðisofbeldi af hendi Luis?

Að sjálfsgöðu hafði hún ekki orðið fyrir kynferðisofbeldi af hendi Luis. Einu sinni hafði Bridget spurt Caro hvort henni fyndist Luis aðlaðandi. Var það? Hún hafði líklega búið í húsinu með þeim í heilt ár

þegar þarna var komið sögu en varð að viðurkenna að hún hafði ekki velt því mikið fyrir sér. Luis var bara alltaf þarna. Alltaf að borða. Alltaf liggjandi á sófanum. Alltaf lengi á klósettinu. Ó, láttu ekki svona, Caro, sagði Bridget. Þú veist að mér er alveg sama hvernig þú svarar. Við erum komin yfir það, fyrir löngu. Luis segir mér frá öllum leiðu litlu húsmæðrunum sem hann ríður á meðan þessir ómerkilegu eiginmenn þeirra rembast í vinnunni, tíkur sem punta sig til að sitja heima í sínum eigin sófum. Luis segir mér öll smáatriðin, þú skilur hvað ég meina, málur og veggfóðrar, já, já, já, nei, öll þessi mjúka húð slípuð á snyrtistofum, allir þessir líkamar, vel nærðir af fínum veitingahúsamat, litli naggurinn okkar ríður þeim öllum, sagði Bridget og hló. Ó, já, ég fæ öll smáatriðin.

Hún þagnaði líkt og til að velta þeim fyrir sér.

Allavega, Caro, málið er, hélt Bridget áfram, að Luis finnst þú mjög aðlaðandi. Honum finnst það. Ég vildi bara að þú vissir það.

Caro vissi ekki hvað hún átti að segja. Þetta virtist fáránlegt. Hún gat ekki ímyndað sér neinar aðstæður þar sem hún hefði

virst aðlaðandi. Við uppþvottinn? Þegar hún gekk upp stigann? Það var nýnæmi í því að vera talin aðlaðandi. Láttu bara vaða, sagði Bridget. Þér er það velkomið.

Þakka þér fyrir.

Nema, sagði Bridget, þú sért að bíða eftir myndarlegum ungum manni sem kemur og fer með þig í notalegt lítið raðhús einhvers staðar. Hefurðu verið að halda í höndina á einhverjum í bíóinu? Ó, almáttugur, settu hann höndina á hnéð á þér, en óþekkur strákur. Hættu, óþekki strákur, hættu strax!

Næsta dag, þegar Caro setti morgunverðinn fyrir framan Luis, sýndi hann henni ekki meiri áhuga en venjulega. Þegar hún krosslagði fæturna hugsaði hún samt, þetta eru fótleggir aðlaðandi manneskju, og þeir litu öðruvísi út en vanalega, frekar stinnir en kubbslegir. Hún bar höfuðið hærra. Hálsinn virtist lengri.

Í rúminu um kvöldið las hún bókina sína óvenjulega einbeitt og nam staðar við lok hverrar efnisgreinar til að punkta hjá sér. Hún heyrði heita vatnið renna eftir rörunum og að hin voru enn á ferli, þungt fótatak Bridgetar í stiganum. Hún las í góða stund enn og þegar hún lagði bókina loksins frá sér slökkti hún ekki á náttlam-

panum. Hún lá þarna og beið, starði upp í gifsloftið sem var skrautlegra en hún hafði áður tekið eftir. Rétt þegar hún var farin að velta fyrir sér hvort ekkert myndi gerast opnuðust dyrnar og Luis stóð í gættinni. Hann var í hvíta sloppnum sem var merktur Slaley Court-hótelinu með svörtum, ísaumuðum stöfum. Caro vissi að hún hefði getað sagt við hann: Hvað í ósköpunum ert þú að gera? og hann hefði látið sig hverfa aftur, alveg jafn hljóðlega, og dyrnar lokast að baki hans. En hún sagði ekkert og hann gekk að rúminu. Hún fór úr stuttermabolnum og gömlu náttbuxunum, snjáðar teiknimyndapersónurnar á þeim voru útlínur einar. Hún braut þær vandlega saman, lóðrétt og svo lárétt. Luis losaði beltið á sloppnum. Hann leit út eins og henni ætti að þykja mikið til koma. Hvað? sagði Caro. Hún leit á liminn á honum og aftur framan í hann. Hvað? Hann var niðursokkinn í að strjúka á sér liminn, hægt og rólega eins og hún mundi að krakkarnir höfðu klapað hömstrunum sem einhver kom með einn daginn þegar hún var í grunnskóla. Svo byrjaði það. Hún einbeitti sér að því að horfa á lampann á náttborðinu, venjulegan skrifborðslampa. Járnarmurinn minnti

hana mikið á sturtuhausinn í baðherberginu, hún hafði ekki tekið eftir því áður. En það var nauðsynlegt að hafa stjórn á huganum svo að hún kynni betur að meta mikilvægi þess sem var að gerast.

Þetta gerðist aftur nokkrum dögum síðar, en þá í meiri flýti, og svo þrisvar sinnum í viðbót næstu sex mánuði á eftir. Það var hvorki ánægjulegt né óskemmtilegt. Einu sinni var Luis dauðadrukinn og kallaði hana elsku. Koma svo, elskan. Allt í lagi, elskan. Svona, elskan. Glenntu þig betur, elskan. Hvað ertu að segja? spurði Caro. Luis sagði það aftur, muldraði það og þagði eftir það. Reynslan í heild sinni gat varla hafað svarað þörf Bridget fyrir áhugaverð smáatriði, að því leyti voru þetta líklega vonbrigði fyrir hana. Eftir þetta var skrítið að mæta Luis á ganginum eða ganga með honum í búðina, hún hefði nánast getað trúað því að þetta hefði allt verið í myndun.

Þetta fyrsta tímabil í húsinu, eftir að sorgin rénaði, fór Maurice ennþá út. Honum fannst gaman að fara í langar gönguferðir. Hann tók strætisvagna út um allan bæ. Hann sagði Caro að hann hefði farið að gröfinni og verið þar allan daginn þótt það hefði hellirígt allan tímann.

Hann varði líka miklum tíma í herberginu sínu og hlustaði á alþjóðaútsendingar BBC flestallar nætur. Hann svaf mikið á daginn. Caro skildi eftir mat handa honum í ísskápnum og sá að hann hvarf. Hún fór annað slagið með honum í gönguferðirnar. Meira að segja núna, þegar hún er á ferli, hugsar hún stundum um hvað Maurice myndi finnast áhugavert ef hann væri með henni. Ef Maurice vildi tala gerði hann það með tvípunktum, semíkómmum, svigum. Þau stoppuðu stundum á kaffihúsum en smám saman var hann farinn að skjálfa svo mikið að hann gat ekki haldið á tebollanum. Þegar hann sá að hann hellti teinu út um allt breytti hann hreyfingunni í sveiflu. Stundum grét hann úti á götu. Fólk varð miður sín og starði ásakandi á Caro. Af hverju kemur þú með þetta út á götu, okkur langar ekki að horfa upp á þetta!

Þegar þau fóru enn út hélt Maurice sig oftast við hlið hennar. Með tímanum varð hann hræddur við umferðina, hvæsið í vökvabremsum strætisvagna og hávaðann í bílaútvörpum. Stundum týndist hann. Dropinn sem fyllti mælinn var atvik sem gerðist í stórverslun.

Hvað voruð þið eiginlega að gera þar?

æpti Bridget þegar Caro sagði henni frá þessu.

Það var rigning og þau vildu komast inn einhvers staðar. Caro þoldi auðvitað ekki stóra stigann og glitrandi afgreiðsluborðin og gljáandi gólfín. Hún fann Maurice hvergi. Eftir fjörutíu mínútna leit í karlafata-deildinni, heimilistækjadeildinni, lyftunum, snyrtingunum og stigagöngunum var hún orðin miður sín af skelfingu. Bridget yrði brjáluð. Starfsfólkið í búðinni hefði getað fundið hann og hringt á lögregluna. En Maurice var í kvenfatadeildinni að virða fyrir sér kasmírullarpeysur. Caro hefði ekki átt að segja Bridget neitt því að hún varð svo æst. Hún vildi bara útskýra af hverju þau hefðu verið svona lengi.

Nú er nóg komið, sagði Bridget, þið verðið að halda ykkur hér í hverfinu. Ef hann fer út yfirleitt. Það á að rigna mikið næstu vikur. Kannski er best að halda sig inni. Við viljum ekki að hann kvefist.

Í húsinu drukku þau öll Berocca-vítamín-drykkinn, Maurice líka. Luis átti vin sem sagði að Berocca kæmi í veg fyrir alls konar slæmsku og þessi vinur útvegaði þeim

drykkinn í miklu magni með afslætti. Þau tóku þrefaldan ráðlagðan dagskammt og blönduðu í mjólk en ekki vatn. Luis sagði að það yki kraftinn í drykknum. Núorðið sér Caro Berocca upp í hillu þegar hún fer í apótekið, grænu og gulu pakkana. Hún varð hissa þegar hún sá að mismunandi bragðtegundir voru í boði og að það væri líka hægt að fá töflur. Stundum veltir hún því fyrir sér að kaupa það. Hún tekur pakka af hillunni en gengur svo frá honum aftur.

Þegar fólkíð var að yfirheyra hana voru allir með drykki í plastmálum og Caro beit í brúnina á málunum sínum, gerði lítil tannaför hringinn í kring. Núna er hún með plastmál í íbúðinni og það eru að minnsta kosti tvær búðir í götunni sem selja þau. Hún geymir þau við hliðina á örbylgjuofninum sem bróðir hennar útvegaði henni. Hún gladdist þegar hún sá þau í búðinni, alltaf sömu plastmálin, sama hver sat fyrir framan hana. Hún vandist þeim.

Luis og Bridget fóru stundum burt yfir nótt. Þau gáfu engar útskýringar á ferðum sínum og Caro spurði einskis. Við verðum að fara aftur, sagði Bridget, það virtist frekar skylda en skemmtun. Caro vissi ekki hvað þau voru eða voru ekki flækt í og nei,

hún spurði ekki. Maður gerði það bara ekki. Þú hefur þá hálfpartinn verið alveg fáfróð, Caroline, sagði hása ljóshærða konan. Fáfróð um heiminn fyrir utan húsveggina. Lastu aldrei dagblað, Caroline? Nei. 11. september? Ekki segja mér að þú hafir ekki heyrt um 11. september. Fólki í moldarkofum heyrði um 11. september. Auðvitað hafði hún heyrt um 11. september. Þú hefur kannski haldið að Maurice ætti þar hlut að máli og þess vegna yrði að halda honum föngnum. Er það rétt, Caroline? Héstu að Maurice væri aðalóvinur fólksins?

Á leiðinni í búðina einn morguninn sá Caro auglýsingu um mótmæli gegn því að breyta félagslegu húsnæði í skrifstofur. Þegar hún kom heim skrifaði hún dagsetninguna, tímann og staðinn í minnisbókina sína. Hún las minnispunktana oft yfir daginn. Hún þurfti að vekja máls á þessu við Bridget. Hana langaði að fara. Það var svo langt síðan hún hafði gert eitthvað, tekið þátt í einhverju, og tíminn var kominn, tíminn var kominn. Öðru máli gegndi um Bridget og Luis. Þau voru svo virk. En Bridget krumpaði blaðið saman.

Ég er svosem ekki ósammála þessu í grundvallaratriðum en þú ert að tala um að styðja hverfisráðið. Að styðja yfirvaldið á staðnum. Það er, Caro, það virkar mjög skrítið.

Nei, ég er að styðja hugmyndina um félagslegt húsnæði, ekki hverfisráðið.

En þú býrð ekki í félagslegu húsnæði. Það er furðulegt að þú hefur aldrei búið í félagslegu húsnæði öll þessi ár en svo er það orðið nýja dellan þín, ha?

Caro fór ekki. Klukkan þrjú hefði getað orðið nýja dellan hennar. Hún mundi ekki hvenær hún hafði síðast farið út af heimilinu klukkan þrjú.

Nóttina sem það gerðist voru Bridget og Luis í burtu. Þau tóku litla ferðatösku með sér. Caro tók eftir því hve hvítir nýju íþróttaskórnir hans Luis voru. Maurice hafði ekki borðað neitt þennan dag, né daginn áður. Þegar hún fór upp í herbergið hans var diskurinn ósnertur. Caro hafði ekki verið alveg viss um þetta með fötuna og þótt hún reyndi að tæma hana eins oft og hún gat fór lyktin aldrei alveg. Það var bara hægt að opna smárifu á gluggann. Var klósettið virkilega of langt í burtu, rétt neðar á ganginum?

Ja, sagði Bridget, þú getur farið með hann á klósettið ef þú vilt, en þú verður að vera viðstödd. Það er eiginlega bara vandræðalegt fyrir hann. Meiri hugulsemi að hafa þetta svona. En ef þú þolir ekki að tæma fötuna.

Jú, ég get það, sagði Caro.

Jæja, þá, sagði Bridget, ég veit ekki, það hljómar ekki eins og þú getir það.

Maurice gaf frá sér hljóð sem hún hafði ekki heyrt áður, endurtekið hvæs. Grænt gall streymdi yfir rúmfötin svo að Caro tók sængina úr tjaldinu í herberginu sínu og skipti við hann. Hún myndi þvo hana seinna, þegar hún hefði tíma. Maurice, sagði hún, ég er að skipta á rúminu þínu. Maurice. Ekkert svar. Andlitið var innfallið. Maurice, hættu þessu! Caro vissi ekki hvað hún átti að gera. Maurice, sagði hún. Maurice! Láttu ekki svona. Ekkert svona. Bara hvæs, hryglur og hvæs. Hún þurfti að ráðfæra sig við einhvern en vissi ekki hvernig hún ætti að ná í Bridget og Luis. Hún vissi ekki hvar þau voru og það var enginn sími í húsinu. Luis var með farsíma en hún vissi ekki númerið. Maurice andaði enn, það var eitthvað. Maurice, sagði hún. Gerðu það, segðu eitthvað. Auðvitað voru nágran-

narnir. En þau töluðu aldrei við nágrannana. Þeim var illa við þá. Ungir menn, rúmlega tvítugir, þegar komnir í jakkaföt. Þeir fengu pítsur sendar heim en þær höfðu ekki einu sinni heldur tvisvar verið sendar í vitlaust hús. Í annað skipti sem það gerðist hafði Bridget farið niður, tekið við pítsunni og kastað henni út á götu. Caro sá út um gluggann að pítsusendillinn tók hana upp. Bridget fór til hans, tók pítsuna af honum og kastaði henni enn lengra.

Það virtist útilokað að leita á náðir nágrannanna. Auðvitað var neyðarnúmerið, hún kunni það, en til hvers var neyðarnúmer þegar enginn var síminn? Kannski kæmu Bridget og Luis bráðum aftur. Hún ætti að bíða. Hún vissi að þau höfðu verið með ferðatösku en eitthvað gæti hafa gerst og þau kæmu fyrr heim. Hún fór aftur upp til að kíkja á Maurice sem var orðinn hræðilegur á litinn og hún hafði ekki um neitt að velja, hún varð að fara til nágrannanna og fá að hringja. En þegar hún fór út fór hún alltaf til vinstri til að fara í búðina – hún beygði aldrei til hægri. Hún beygði ekki til hægri og fór til nágrannanna. Hún fór til vinstri.

Hún hefði átt að fara í kápu vegna þess

að það var kalt að vera bara í náttbuxum og stuttermabol. Myrkrið fálmaði í hana þar sem hún gekk framhjá járnhlerum á lokuðum búðum og horfði á gul götuljósinn. Hún sá símaklefa handan við götuna. Caro hikaði áður en hún fór yfir, græni karlinn virtist ópolinmóður, bognir handleggirnir og litlu kviku fæturnir gáfu til kynna hreyfingu, áfram! áfram!

Símtólið var þungt í hendi hennar en konuröddin var hlýleg. Viltu endurtaka þetta fyrir mig? Leyfðu mér að endurtaka þetta við þig. Caro varð eiginlega leið þegar símtalinu lauk og hún varð að fara aftur heim í húsið. Hún hélt næstum að myrkrið myndi ná að lita sig svarta en þegar hún bar hendurnar upp að andlitinu sá hún að þær voru enn hvítar.

Þegar mennirnir tveir komu fóru þeir með henni upp í herbergi Maurice.

Hvað heitir hann, vinan? Ert þú konan hans?

Maurice Harrison.

Skrítið að segja fullt nafnið þegar hann hafði aðeins verið Maurice svo lengi.

Þeir vildu vita hvort hann væri á einhverjum lyfjum.

Ó, nei, hafði Caro sagt. Ég held ekki.

Hann tekur Berocca. Við tökum öll Berocca.

Uh-huh, sagði maðurinn. Berocca. Allt í lagi.

Þeir fóru inn í herbergi Maurice en hún beið frammi.

Caro varð hissa þegar þeir sögðu að hún yrði að koma með þeim í sjúkrabílnum. Ef Bridget og Luis kæmu heim og enginn væri þar, hvað myndi gerast? Sjúkraflutningsmennirnir voru búnir að tengja Maurice við einhverja vél. Caro varð óglatt við hreyfingar bílsins. Hafði þetta verið svona í strætisvögnum og lestum? Hún hélt ekki en það var erfitt að muna það nákvæmlega.

Þegar þau komu á sjúkrahúsið var hún leidd inn í herbergi og spurð spurninga. Hver var nánasti ættingi Maurice? Nánasti ættingi? Hún var ekki viss. Maurice átti Bill að, sagði hún, en hann dó og hann var hvort eð er ekki ættingi. Hve lengi hafði hún búið með honum? Þjuggu þau bara tvö saman? Hver var heimilislæknirinn hans? Heimilislæknir? Hún hafði ekki hugmynd. Hún hafði ekki vitað til þess að Maurice færi til læknis allan tímann sem þau höfðu búið í húsinu. Ég hugsaði um hann, hafði Caro sagt. Og hver er heimilislæknirinn þinn? Hún starði á skiltið á hurðinni. Hver

er heimilislæknirinn þinn? Ég veit það ekki, sagði hún. Það er ekkert að mér.

Þau héldu henni í tvo daga. Hún vissi að hún hefði átt að reyna að komast heim vegna þess að það var ekkert sem kom í veg fyrir að hún færi. En hún var á stofu með öðru fólki og þegar hún renndi hendinni eftir sængurfötunum, fann fyrir þykum koddanum, var rúmið ómótstæðilegt. Fólkið færði henni te á bakka og við hliðina á rúminu var vatnskanna. Í könnunni voru meira að segja ísmolar og tvö sogrör í glasinu.

Lögreglan fór með hana aftur í húsið til að ná í dótið sitt. Lögreglukonan gaf Caro piparmyntumola í bílnum. Engar áhyggjur, sagði hún, en lögreglan fór inn á undan henni. Einhver heima? kölluðu þau. Þögn. Svo virðist sem vinir þínir séu komnir og farnir, sagði konan.

Þau vildu sjá herbergið hans Maurice.

Af hverju? spurði Caro konuna.

Okkur langar bara að sjá það.

Það er hérna uppi.

Hvaða fötur eru þetta? spurði lögreglukonan.

Hún gáði betur. Ó, sagði hún.

Hún dró gluggatjöldin frá svo að birtan

féll á snjád gólfteppið, hrörlegan tréstól og litla kommóðu. Gormur stóð upp úr blet-tótttri, þunnri dýnunni.

Er þetta herbergið þeirra? hrópaði lögreglumaður frammi á ganginum. Þegar Caro gægðist inn sá hún sjónvarpið við fótagaflrúm Bridgetar og Luis og stóran stafla af DVD-diskum. Rúmið var þakið hvítum pí-fukoddum sem hefðu sómt sér vel á sveitasetri.

Hvar svafst þú, Caroline? spurði konan.

Þau fóru eftir ganginum.

Einmitt, sagði lögreglumáðurinn. Hvað varstu að gera með þetta? Hann benti á tjaldið í miðju herberginu.

Tjaldið var þægilegt. Og það sem meira máli skipti, það var hlýtt. Hún hafði vanist því að sofa í því og líkaði það vel. Luis hafði komið með það heim einn daginn.

Ég skil að það hefur verið ískalt hérna, sagði hann. Datt þér aldrei í hug að láta gera við þennan brotna glugga í staðinn?

Caro leit á gluggann. Gluggakarmurinn hafði fúnað í sundur öðrum megin og hluti af glerinu dottið burt. Fyrir hve löngu? Hún mundi það ekki. Hún var eiginlega hætt að taka eftir þessu.

Nei.

Allt í lagi, jæja, förum niður aftur, sagði konan.

Núna var annar maður kominn en hann var bara í venjulegum fötum. Þau fóru öll inn í eldhús. Nýi maðurinn sagði: Fín þvottavél sem þið eruð með hérna. Hann leit á plakatið á veggnum. Hver er þetta? spurði hann.

Samora Machel, sagði Caro.

Býr hann hérna líka?

Nei, svaraði Caro. Samora Machel. Hann stýrði frelsishernum í Portúgal.

Ó? sagði maðurinn og leit aftur á myndina. Samora Machel. Einmitt það. Auðvitað.

Þau leyfðu Caro að taka það litla sem hún átti úr herberginu sínu. Hvað um vini mína? sagði hún. Þau munu velta fyrir sér hvar ég er. Þau munu ekki vita hvar Maurice er.

Við látum þau vita, sagði maðurinn. Þegar við finnum þau.

Caro ímyndar sér að í Belfast séu byggingar eins og sú sem farið var með hana í, minnismarki úr gráu gleri. Það eru líka þannig byggingar í miðborginni en hún hefur ekki enn komið þangað. Aðeins tólf mínútna ferðalag, hún fletti því upp í símanum sínum. Hún sér strætisvagn 6A

reglulega. Hann dólar áfram á notalegum hraða. Hún verður komin yfir götuna fyrr en varir. Þarna er Donegall-torg, hún hefur líka séð það á kortinu í símanum sínum og hana langar að fara þangað á kaffihús, lesa bók eða tímarit og taka svo vagninn til baka. En þótt það væri svona mikið gler utan á byggingunni var enginn gluggi á herberginu sem henni var vísað inn í.

Hvað var í gangi? Gat hún útskýrt það? Hún átti ekki að vera hrædd. Það var ekkert að óttast. Bara útskýra svo að þau skildu hvað hefði verið í gangi þarna. Konan sneri krossmarkinu um fingur sér. Bara útskýra þetta alveg frá byrjun. Leifar af orðum um hugmyndir fortíðarinnar: sósíalískt sambýli, niðurrif, brjóta á bak aftur, óhefðbundinn lífsstíll, hvað sem þetta var.

Ja, hvað svo sem þið voruð að gera var það á kostnað einhvers annars. Maðurinn var reiður og sláttur í æðinni á hægri gagnauganu. Herra Harrison læstur inni í klefanum uppi, að pissa í fötu og borða einhvern úrgang á meðan allir hinir voru að eyða peningunum hans, búa í húsinu hans, húðlatir ónytjungar, engin andskotans lyf allan þennan tíma. Hús herra Harrisons, sem móðir hans arfleiddi hann að, penin-

gar teknir út af bankareikningnum hans mánuð eftir mánuð, vesalings náunginn átti nánast ekkert eftir og hann hafði verið vel stæður maður, allar ávísanirnar, allar þessar úttektir, plús allar bæturnar í ofanálag, veikindabætur, örorkubætur, húsaleigubætur, helvítis sníkjudýrin. Hafðir þú enga hugmynd? Sósíalískt sambýli, sagðirðu? Ekki koma mér til að hlæja. Hann stóð upp og gerði sig líklegan til að fara út en settist svo niður aftur. Veistu hvar þau voru? Hin tvö? Á lúxushóтели í Brighton. Gisting á sértilboði með kampavín við komu. Lúxushótel í Brighton þar sem hvert herbergi er innréttað í stíl einhverrar James Bond-kvikmyndar, félagi Luis og félagi Bridget, búbblur í Octopussy-herberginu, þótt ég myndi örugglega nota flöskuna til að rota sjálfan mig ef ég væri fastur á hótelerbergi með þessari feitu gyltu. Maðurinn var hálfdaudur og þú bjóst í einhverju andskotans tjaldi, þú fáránlegi og gjör-samlega einskis nýti fáviti. Ekki tala svona, sagði konan með krossmarkið. Þú mátt ekki tala svona við hana. Ó, jú, ég má það víst, sagði hann. Ég tala við hana eins og mér sýnist.

Næst var farfuglaheimilið, gistiheimilið með

eldhúsinu þar sem tvær táningsstúlkur sem voru nýkomnar úr fóstri voru alltaf að rista sér brauð. Stúlkurnar töluðu hvor við aðrar en aldrei við neinn annan. Kona sem grét stanslaust af því að börnin hennar höfðu verið tekin af henni háskældi í blauta eldhúsrúllu. Caro lagði á stóra, sameiginlega borðið á morgnana þótt enginn settist nokkurn tíma þar. Einn daginn birtist þunhærður maður í ljósbrúnum frakka. Caroline, sagði hann. Hún virtist skilningssljó. Þetta er ég. Hann sagðist myndu koma aftur eftir nokkrar vikur þegar hann væri búinn að koma öllu í kring og hún þyrfti ekki að kvíða neinu, hann kæmi aftur. Hún var hreint ekkert kvíðin, farfuglaheimilið hentaði henni mjög vel, hún gat setið uppi í herbergi tímunum saman og þurfti ekki að gera neitt fyrir neinn.

Belfast, sagði röddin, hitastigið í Belfast, veðrið í Belfast, leigubíll frá flugvællinum í Belfast, en þetta hefði eins getað verið á Mars, skýin fyrir utan gluggann jafn hvít og nýir íþróttaskór. Hann sýndi henni myndir af konu sinni og dóttur á strönd og við borð á veitingastað. Dóttirin var lík honum. Þau eru ekki lengur á meðal okkar, þú veist, sagði hann, mamma og pabbi, ekki lengur

með okkur. Mér þykir það leitt, sagði hún. Ja, já, svona gengur það. Ég bý nálægt gamla húsinu. Þú munt líka búa nálægt gamla húsinu. Það var eins og margar aldir hefðu liðið síðan hún sá þau og hún gat ekki rifjað upp hvernig þau litu út, ekki eitt augnablik.

Caro tekur fram eina af bókunum sínum. Hún yddar blýant og flettir yfir á nýja síðu í glósubókinni. Í dag ætlar hún að einbeita sér. Hún þrýstir hnefunum að gagnauganu og rifjar upp fyrsta kaflann í bókinni og af hverju hann skiptir máli. Í öðrum kafla eru hlutirnir settir í samhengi – áhugavert en ekki nauðsynlegt. Sá fyrsti þarfnast hins vegar einbeitingar við. Hún veltir fyrir sér hvort tebolli gæti hjálpað. Hún er enn föst á Bragð af Manila-stiginu í símaleiknum. Hún skrifar bókstafina sex sem neita að láta raða sér upp í orð á spássíuna í bókinni. Hún skrifar þá aftur, fyrst sérhljóðin, svo samhljóðana. Það er einhver við dyrnar. Það getur ekki verið pítsa því að hún er ekki búin að panta. Það eru borgarstjórnarkosningar á næsta leiti og flokkarnir eru að dreifa auglýsingum. Kannski skrifáfar

bara aðeins í bréfalúgunni og svo ekkert meira.

Caroline frænka!

Frænkan er með bakpoka með sér og við hann er festur upprúllaður svefnpoki.

Hæ! segir hún. Hún er búin að láta klippa sig, hluti af hárinu öðrum megin hefur verið rakaður af.

Ó, segir Caro, þetta ert þú.

Frænkan lætur bakpokann detta á gólfið og sekkur sjálf í sófann.

Allt í lagi, ég var að rífast við pabba, segir hún. Sko, alvöru rífrildi. Ég var að velta fyrir mér hvort ég mætti sofa hér. Ég skal ekki vera fyrir. Í alvöru. Ég er með minn eigin svefnpoka og allt. Hann er frá Duke of Ed. Þú veist, allt þetta útivistardót, ganga á Mourn-fjöll, elda yfir báli. Ég kom meira að segja með mat. Sjáðu. Hún tekur kexpakka og poppkorn upp úr bakpokanum.

Þakka þér fyrir, segir Caro. Poppkorn.

Ég verð ekkert fyrir þér. Ég get bara breitt úr svefnpokanum hérna, já?

Auðvitað, segir Caro. Ef þér finnst það vera góð hugmynd. Hún býr til te handa þeim og frænkan opnar kexpakkan.

Ég var að segja krökkunum í skólanum frá þér, segir hún. Sum þeirra trúðu mér

ekki. Þau voru alveg, nei, glætan. Svo að ég fletti þér upp. Það var dálítið um þig. Ekki mikið, samt. Aðeins. Vesalings náunginn dó ekki, var það?

Nei, segir Caro. Hann dó ekki.

Hvar er hann núna?

Á hjúkrunarheimili einhvers staðar. Ég veit ekki hvar.

Ég sá myndir af feitu konunni. Var hún lesbía? Næstum því allir sem ég þekki eru samkynhneigðir, eða tvíkynhneigðir. Hefur þú heyrt um pankynhneigð?

Caro er ekki viss um það.

Ja, allavega, heldur frænkan áfram. Ég sá þátt um Patti Smith. Viltu vita hvern hún minnir mig á? Þig. Þótt hún hafi ekki verið í húsi eins og þú, að láta stjórna sér og þannig. En, þú veist. Annars enginn munur. Þú fórst burt og gerðir það sem þú vildir. Og hún gerði það líka. Er þá allt í lagi að ég gisti hér? spyr hún.

Caro hikar. Er enginn annar sem þú vilt frekar gista hjá?

Meðfram hárlínu stúlkunnar er röð af bólum sem Caro gæti rétt fram höndina og snert með tilfinningu sem minnir á blíðu. Í staðinn rúllar hún svefnpokanum út. Þú sefur í herberginu mínu, segir Caro. Ég sef

á gólfinu. Það er í finasta lagi.

Henni dettur í hug að þegar tækifæri gefist sé rétt að hringja í bróðurinn og láta hann vita að dóttir hans sé hér og að þær ætli að fá sér pítsu og svo ætli hún að gista. En hún vildi gjarnan að hann sækti hana snemma næsta morgun, áður en Caro fer í pólsku búðina.



Caro asks for a bread roll and a cup of tea. She is told, however, that the roll comes with the soup. But Caro doesn't want soup. She would just like one of the bread rolls and a cup of tea.

The thing is, the man says, the plain bread rolls are there to be had with the soup. Just the way we do it here.

She sighs. Even a place like this must apply arbitrary rules as an index of its authority.

Well, I suppose I'll just have the tea then, she says.

But the man brings over a bread roll anyway, plain with no butter.

The café is called Jack's American Diner. Propped on every table, next to the salt, pepper and red sauce, are little star-spangled banners. The menus resemble saloon doors.

When Caro goes to pay, she asks the man at the till why everything in the place is American.

What do you mean?

Why is everything American? she says, as she points at the looming Uncle Sam on the wall.

It is what it is, the man replies. American. American food. Isn't nearly everything American?

Carol considers this observation.

Yes, indeed, she says.

But I'll tell you what love, if you don't like American, if you think that American is not for you, then there's the Wong Garden. The Wong Garden, you know, down the road, the Chinese?

Caro isn't interested in the Chinese. Of all the groups in their particular part of London, and there were many, those Maoists were the most risible, handing out their little samizdats in the market. Didn't they know that people only took them for a joke? She recalled Bill sticking them on the wall for everyone to ridicule.

Another thing, the man says. They'll charge you for the prawn crackers. They won't be giving you a roll for nothing, love.

Time in the house accounted for almost a quarter of a century, and Caro's routine was

usually to go to the shop in the morning. She would leave the house at precisely half-past eight because that gave sufficient time to prepare the breakfast for everyone. Each day she would purchase what was required for lunch and dinner, although she would buy whatever fruit was there on a Monday. Household products were reserved for the Friday trip when Luis might accompany her. Those sorts of provisions could be bulky. She and Luis didn't really speak; they had nothing to say to each other. Occasionally he nipped into a newsagent's where he knew the owner. On one occasion, Caro had suggested that it might perhaps be more economical to use a bigger supermarket just once a week but Bridget said, No way, you having a laugh? Well, are you? Having a laugh? Luis joined in, shaking his head. Having a laugh, you are.

There was of course much to recommend using the same small shop every day but at the beginning it felt limiting, with its particular selection of vegetables, although there were other things too, cereals and cleaning products, pot noodles. In the early days it was a man with glasses in the shop, or his wife. And then it was the new owner, new even when he'd been there at least a

decade. Hello, good morning, he said, fine day! whether it was or wasn't. Caro used to supplement their provisions with what she managed to grow in the garden, but that depended on getting seeds. Bridget said on numerous occasions that she had sent off for them, but when they failed ever to arrive, Caro stopped asking about them.

In Belfast, she maintains a similar regimen in the mornings, except the shop is now Polish and there is no need to hurry back because no one other than herself requires breakfast. If she wished, she could go to the American diner every day in life for an American breakfast. The window of the Polish shop is partially concealed by an adhesive panel displaying close-ups of cheese and apples. Stuck around this are adverts for phone-cards. Stacks of plastic boxes sit outside, a makeshift display of potatoes, beetroot and some huge root vegetable she doesn't recognise. Inside she passes the deli counter with its hams and salamis to consider the astounding array of packets of soup. The pictures on the front may be wildly different but she knows from experience that they all taste the same. When the Polish government suppressed Solidarity and declared martial law, some people, such

as Mark Mulgrew for instance, supported them. Bill had nearly punched him.

You are wrong on this, Bill said. Absolutely wrong. You'll look back, Mark, and you will know you were wrong.

In the shop it's always one of three girls who all wear tight jeans. The one with the red hair always forgets and greets Caro in Polish, but the other two don't say anything. She could spend five minutes in the shop, she could spend twenty. It doesn't really matter.

On the way to the shops she has to pass a hairdressing salon. Even if Caro takes her time, it's still the same women sitting in the same seats that she sees when she returns. The women with configurations of tinfoil folded into their hair are still reading the celebrity magazines. Caro hasn't been to a salon in decades because her own method has always been perfectly serviceable: grab a handful of hair at the right and cut whatever sticks out from your clenched fist, then do the same on the other side. The back she used to have to separate into two sections but now, because her hair has thinned, only one is required. Grab the back then snip. Admittedly the chop has a rough-hewn look for a few days, but with even a little wind

and rain and general living it isn't long before this disappears. The technique blunts scissors, that's unavoidable, but new scissors every so often is still a relative economy. She used to have to ask Bridget to get new scissors. Bridget and Luis used clippers for their hair; Caro had to sweep up their cuttings from the kitchen floor. These days, she has started to use a balm on her lips but only because they were peeling and starting to bleed. The balm's use is medicinal rather than cosmetic. Personal titivation has never been a priority.

Caro wonders if today she will order a takeaway pizza. Her brother, when he brought her back, got her a phone and showed how to look things up on it. Caro searched for a range of people from the early days. Norman Patterson, she found out, is now the head teacher of a school in Liverpool, Sue Gregg is General Secretary of the British Airline Pilots Association, and Jimmy McCann, Professor of Social and Economic history in Glasgow. Mark Mulgrew runs a hotel in central France which gets a lot of five star reviews. Judith Harkness handles PR for a mental health charity. There are others she can't find, others she can't remember. She doesn't know exactly

where Maurice is, but has no doubt he's being well looked after. Bill's long gone. Luis and Bridget have been separated.

Caro has got two apps on the phone. One is a game called Letter Soup where you are given six letters in a bowl of, unsurprisingly enough, soup, and you have to form the requisite number of words by drawing a line between the letters. There is a spoon you can use to stir the letters. It's possible to purchase hints but Caro doesn't bother because she can usually work it out eventually. She is now on Taste of Manila level. Next is Saigon Shack. She has also got a pizza delivery app which is quite something. She orders on the app and within half an hour the pizza comes. Caro orders the smallest pizza which they call a 'personal pizza', but for delivery you have to spend more than that amounts to, which means she is obliged to order a side dish of something she doesn't necessarily want. She always makes a point of being very pleasant to the pizza delivery man when he arrives on his motorbike. Thanks. Thanks awfully.

Caro has tried to keep up with her reading. She works, as she has always done, with a pencil and notebook beside her. She has her own style of notation. But she just

doesn't know what it is that makes reading so hard nowadays; she thought possibly it was just that she needed glasses but the pair that she bought made no difference. She can't seem to concentrate, so understanding is only ever fleeting and she needs to read single sentences repeatedly before any meaning becomes apparent, or should she say meanings, because lots seem to crowd in. And these are books that she has read before many, many times, ones that she brought back from London with her. Voloshinov. Nikolai Marr. Books were really the only things in her suitcase. There is a magazine too that she reads, called *Take A Break*. She bought it once, enjoyed it very much, so now she gets it every week. The true life stories are often quite shocking. A woman didn't know that her toyboy latin lover was having sex with not only her daughter but also with her mother.

Belfast is a city but it isn't a city, not really. In either direction from her living room Caro can see hills, dense green against grey roofs. So much space: by the flats there's a grassy area with benches, and even between the shops there are some empty squares of scrub, plastic bags caught on the thistles. The goal posts of the school rugby field

peek over the tops of the houses. But this is where Caro now lives, a one-bedroom flat which her brother found, a flat near a roundabout. He sends her messages on the phone. All okay? Yes, thank you very much, she replies. He has invited her to his place to spend Christmas with his wife and daughter. Christmas? She hasn't celebrated it in decades. His daughter has come round a couple of times. She has a pierced lip which always looks swollen. The first time she appeared it was on a Tuesday. Caro remembers this because that's the day *Take a Break* comes out and she had it in her bag ready to read. The girl had said, Hi Auntie Caroline, do you know who I am? Caro wanted to read her magazine.

In London, it had always been important to get back from the shop because there was such a lot to do. Everything had to be done, as they say, from scratch. Granted, Luis liked pot noodles if he was on the move, but everything else required preparation. She had to bake bread every day. All washing was done by hand. At one point a washer-drier did arrive – yes, it was quite thrilling when that came. Caro read the instruction booklet carefully but the multiplicity of options was almost overwhelming; there

didn't seem to be any eventuality that the machine couldn't cope with. She could even take down the curtains in all of the rooms and wash them. It wasn't impossible to do that by hand but it would have been difficult to get them dry. Incredible that the same machine could both wash and dry. Maurice, it has to be said, had very few clothes. If they needed to be washed, she had to put a blanket round him until they were ready to be put on again. Sometimes this took quite a while.

Why even bother? Bridget said. Sure they'll be dirty again within a couple of hours! Let him stay in them.

Luis had allergies which meant he had to get new bedding quite frequently; Bridget bought it somewhere. That washer-drier was left by the delivery people at the front of the house and Caro moved it to the kitchen, laboriously inching it down the hallway. But then they didn't know anyone to plumb it in.

Can't you do it, Caro? Is that not your department? Bridget said. Haven't you read the instructions? Christ Almighty, can you not get it sorted?

Caro looked again but the instructions for plumbing it in said, more or less, to get a plumber. If it had been in one of the squats

there would have been no difficulty getting a plumber because in the squats there were always people able to do whatever was required but in this instance they needed to find an actual plumber. Bridget hadn't wanted to do that.

We wouldn't know who they are, she said. They could be anyone. We can't risk it. It's our involvement in things, see. We've managed up to this point without one of these machines.

And so it just sat there, pristine and unplumbed in. After a while things got placed on top of it. The drum was used to store fruit.

At intervals, other items arrived. There was a toasted sandwich maker, and an ice-cream machine. Bridget and Luis loved ice-cream for a while. Plus, it stopped you getting osteoporosis. Caro thought that it was perhaps a food that Maurice could eat, since it slipped down easily, but he didn't care much for it. It melted back to nothing in his room. For a few weeks Caro was mainly responsible for the sales of double cream in the shop. The appetite eventually waned for ice-cream and the machine sat redundant by the fridge. The Ramoska which was a mini-cooker from somewhere

in eastern Europe. Caro liked the utilitarian simplicity of the Ramoska. They were still using the Ramoska right up until the point when everything collapsed. And the fan heaters made a significant difference: they were a welcome arrival. The central heating in the house rarely worked; there were elaborate clangs and gurgles when it was switched on, but the actual result was only tepid metal in the lower parts of the radiators.

They need bled! Bridget had said, looking at Caro. There's nothing actually wrong with them, that's all you need to do.

But Caro didn't know how to bleed a radiator.

You need some kind of a key, Bridget said, as though all would be easy if only they had this implement. Caro wished she knew how to do it but she didn't. Did Luis know?

Luis's a painter and decorator, Bridget said.

Yeah, said Luis. Painter and decorator.

But then the fan heaters arrived. It was remarkable the difference they made to the house, the enveloping warmth which put everyone in a more favourable mood. She remembered that when the fan heaters arrived, they sat at the kitchen table and had a

pot of tea and toast. She had brought Maurice's up to him, cut up into fingers, put on the plate in a criss-cross. The fan heaters were however only for use downstairs. It was an extreme fire hazard to have something like that in a bedroom. Bridget was convinced of that.

You didn't work, did you? one of the people asked her, when they were doing their investigation. You didn't work, did you? Which one of them asked her that, when she sat in the interview room: the thin man who fired questions in a monotone, the black woman who wore a cross that she kept touching, the plangent young fellow, the throaty blonde woman, the one who thought he was a comedian, the angry man. They carried files and notebooks and tape-recorders. What a question to ask! She never stopped working! Not a prisoner you say, so when did you leave the house? When did Maurice leave the house, before that evening? When had he last left the house? Anyway, those interrogators had a definition of work that was predictably narrow, their interest purely in institutional classification. First-class honours degree, it says here, you

got a first class honours degree? Says here you did two years of post-grad work, and then you worked, where was it, a library? Yeah, says here a library. And then – that was it, end of the line for you, as far as work was concerned?

When the library closed she had in fact got another job – as a research assistant, albeit only very briefly. She remembered the interview and how the panel of three women nodded as she spoke. She hadn't heard herself say so much in a long time. When the letter came to say that she had been successful, Bridget said that she was unsure of the organisation.

I've never heard of them. I've asked around and no one seems to have heard of them. You need to be one hundred percent sure about who you are working for, you know what I mean, Caro? One hundred percent.

True, it was a group that Caro had not heard of before either but she imagined that it would broadly be in line with their views. Bridget asked how much Caro would be earning.

Phew, she said. You'll be living the high life! You're a fucking yuppie cunt.

But the wage was modest enough really.

Caro did wonder if she had made a mistake when on the first day so many people were introducing themselves; she had been used to a solitary existence in the library, cataloguing and filing, but here they all asked questions. Caro hadn't expected that the personnel of a child poverty charity would be quite so effervescent, so possibly Bridget was right to have her doubts. At the end of the week Caro was obliged to go for a drink after work. People sat around talking about their marital problems and their sex lives and their children and what plans they had for the weekend. One person was doing a sky dive. A recently bereaved woman told everyone about how she and her boyfriend were trying to clear out her mother's house, but so much of what they were coming across ended up making her cry. It was only a fucking mug! the woman said. Only her fucking yellow mug and I was in pieces! Could hardly pull myself together! Caro watched another woman give her a hug. What you need, this woman said, is another drink. Or two. Caro said nothing. She had not been in contact with her own mother for a number of years. Visits home had dwindled to nothing. She hadn't even bothered opening the occasional letters that came

with a Belfast postmark. They wouldn't even know her address now. She supposed she had, in effect, disowned them.

When she returned to the house that evening and Bridget heard where she had been she said, Oh very social of you. You drinking martinis? Oh Caro, this is the new you. Did you tell them that daddy's a fucking judge? Bet they loved that!

On the Monday when Caro came home there was a puppy in the hall that had just produced a squirt of diarrhoea. Couldn't resist him, Bridget said. He's called Stan. I need to go out now. Luis won't be back till late.

Luis, too, disapproved of the new job.

This food, he said, it tastes, not right. I don't like the food. And he pushed away his plate. It was true that she had burnt the dhal that she was making, something that she never did, and it was inconvenient for the others to have to do the shopping. The library job had not started until later whereas with this new one she had to leave the house at seven o'clock to get there on time. And then there was Maurice: Bridget and Luis said that during the day it was impossible for them to devote time to Maurice. Luis's painting and decorating was on and off, that

was the way things worked in that kind of trade, but that didn't mean he could commit to checking in on Maurice.

We really rely on you, Caro, to support what we're involved with, Bridget said. And so within four weeks Caro left the job. They wanted to go for a drink to say goodbye but she had said no, she couldn't, she was terribly sorry. They gave her a card signed by a few people. All the best of luck! Very best wishes! The person who had been the runner-up at the interview was due to start the week after. Bridget decided that in fact Stan was too difficult for them to manage and she was unsure of its temperament so the dog was given away to someone that Luis knew.

Back in time, when Caro was at school, there was a shabby hotel that specialised in under-age discos. Under a dusty disco-ball were the sons and daughters of almost every doctor and solicitor in that part of the city. Caro went once but did not enjoy it. It was astounding how other people could move so fluidly, how they were able to discern a beat which she couldn't hear. Her clothes weren't tight enough; she felt encumbered by bunches of fabric. The seats in the dark

disco were curved velour plush and Caro found one at the very back that was beside a radiator. She ran her hand up and down its warmth but when the slow dances started, she went to the toilets.

It took only one small thing to nudge someone towards attractiveness: the curve of a thigh or a breast, the arc of a cheek. But Caro knew she looked like a hare. Her face was bony and her eyes bulged. Those other girls dancing at the disco, the supposed sophisticates, were in fact content to stay put and become university students who ate every night at the family dinner table and who slept in childhood beds still weighed down by cuddly toys. Are you sure? the people in the school said to Caro when she expressed her intention to go to UCL to study linguistics. Yes, thank you. Quite sure. Thank you very much.

That first term was a terrible disappointment, but to say that, she thought, suggested it was the place's fault when in fact it was her, and her lack of whatever it was. The course was interesting enough, but a city seen on television and in films was still something she just looked at. Caro, listening to others' conversations, was always surprised by their banality, yet could think

herself of nothing to say. She invested in new clothes, a black jumper and short black skirt because she had seen someone wear something similar and thought it stylish. The colour drained her so she chose a hard red lipstick that she dragged across her mouth. Mortifying that she was now homesick for a place she had never liked in the first instance, thinking fondly of the disco and the road works that she used to pass every day on her way to school, the flutter of the cordon tape in the wind.

Friends were having a party, someone in the group outside the lecture theatre said. Just a house party, but all welcome if they fancied it. He gave the address. If anyone was surprised to see Caro turn up in the black jumper and mini skirt and the red lipstick they didn't say so. She got very drunk very quickly on a concoction that had been made in a bread bin and splashed into glasses with a plastic ladle. There were lamps with scarves draped over them, stripped mattresses for seats. Caro sank into one of them and wondered if she would ever be able to get up again. A flow of indeterminate sound passed by as she looked for a familiar face somewhere, anywhere, but then there was a hand on her leg, fingers splayed, fol-

lowed soon after by a mouthful of liver-like tongue. Lucid through the colossal effort of trying not to be sick, Caro thought, so, so, this is a party, this is you, this is you at a party, being a young person and doing the things that young people do. And then a hand was kneading her left breast. It stopped suddenly when another person sat down.

When Caro came home that Christmas there was a knock at the door of her bedroom one night and it was her mother. You know, her mother said, if you find it difficult, you can come home again. No one would think any the less of you.

But Caro continued to work at her desk. I don't really know what you mean, she said.

Well, if you say so, her mother said. She closed the door again.

The next term, Caro went along to a talk at the students union after a young man had handed her a flyer in the street. Why not go? she had thought. The small crowd of mostly post-grad students waited patiently in the hall for half an hour before someone came along to say the event had been cancelled. The young man who had given her the flyer was there. He was apologetic. He knew the speaker, he said, and could only imagine he

must have had very good reason to cancel like that. The young man intended to meet some friends later on – would she want to come too? These friends would likely be of interest, if she had been prepared to hear the speaker. He and Caro walked for what seemed like an hour and a half to arrive at a second-floor flat. The young man said his name was Bill. There were fifteen or twenty people crammed in the main room and from the bare lightbulb overhead hung an illuminated triangle of smoke. Bill! somebody shouted. Listen to this! You're not going to believe it!

And who are you? a woman asked.

Sue, this is a friend of mine, Bill said. This is Caroline. Sue said nothing but shook her hand.

Car – o – line, the woman at Sue's side said. Caro. What can you do, Caro?

I don't know, she said.

And this is Bridget, Bill said, of the woman at Sue's side.

Maurice had been there too, his hair thin even then and fluffy, honey coloured. He picked at the fraying edge of his jumper; he was always doing that, picking at things, dry skin, loose threads. It was always the same way with Maurice. Disagreeing but

too nervous to speak, he would tip his head to one side and stare up at the ceiling but then later, once the conversation had moved on to an entirely different topic, he would then articulate with quiet elegance what was wrong with the previous analysis. By then, however, it would be too late and everyone would just find him an irritation. That was Maurice and he should have spoken up at the right time.

Bridget wasn't fat then, although she was, later on. It was her right to be fat, if she wanted. Fat Cat, they called her in the paper. Incredible Bulk. It was only because by contrast Maurice was so thin. The brain-washed Belfast boffin. Jailbreak. They had a picture of Bridget in a wheelchair. That was how she arrived at court, wearing a dress with pleats that fanned out across the width of the chair. In the photo she was clutching a patent handbag. Bridget with a handbag! The paper was lying on the table in the hostel. Nobody living there cared particularly; they all had their own considerations.

Caro had started to visit that flat every week. There were speakers, demos, papers, house resolutions, discussions and debates and at times anger. But there was also a sense of optimism and imminence.

